

Lögmannablaðið

ÚTGEFIÐ AF LÖGMANNAFÉLAGI ÍSLANDS

4. TBL. 29. ÁRG. 2023



ICESAVE DÓMURINN
10 ÁRA

8-10

FULLNUSTUKERFIÐ OG
STAFRÆNT RÉTTARFAR –
BREYTINGAR TIL HINS GÓÐA?

12-14

AF GREINDUM
GERVI OG SPUNA

16-20



- 4 SIGURÐUR ÖRN HILMARSSON
Formannspistill
- 6 ARI KARLSSON
Frá ritstjórn
- 8 UNNUR LILJA HERMANNSDÓTTIR
Icesave dómurinn 10 ára
- 12 ARNAR VILHJÁLMMUR ARNARSSON
Fullnustukerfið og stafrænt réttarfar – breytingar til hins góða?
- 16 EYRÚN INGADÓTTIR
Framtíðarmálstofa um tækni á Lagadegi 2023: Af greindum gervi og spuna
- 21 Fagleg aðstoð fyrir fjölskyldur fanga
- 22 EYRÚN INGADÓTTIR
„Orð gegn orði“ Mynd af veruleika í einleik Þjóðleikhússins
- 24 SVALA ÓLAFSDÓTTIR
Skiljum illsku – á vettvangi hroðaverka nasista
- 26 VIÐTAL VIÐ JAKOB R. MÖLLER
Setti mér það markmið að verða formaður

Lögmannafélag Íslands

Álftamýri 9, 108 Reykjavík
Netfang: lmfi@lmfi.is
Heimasíða: www.lmfi.is

Ritstjóri og ábyrgðarmaður

Ari Karlsson lögmaður
Netfang: ari@lmg.is

Aðstoðarritstjóri

Eyrún Ingadóttir
Netfang: eyrun@lmfi.is

Ritnefnd

Arnar Vilhjálmur Arnarsson lögmaður
Hildur Þórarinsdóttir lögmaður
Ingi B. Poulsen lögmaður
Unnur Lilja Hermannsdóttir lögmaður

Stjórn LMFÍ

Sigurður Örn Hilmarsson lögmaður, formaður,
sigurdur@rettur.is
Áslaug Björgvinsdóttir lögmaður, varaformaður,
aslaug@logos.is
Eva Halldórsdóttir lögmaður, ritari,
eva@lg.is
Tómas Eiríksson lögmaður, gjaldkeri,
teiriksson@ossur.com,
Magnús Hrafn Magnússon lögmaður, meðstjórnandi,
mhm@sigthor.com

Varastjórn LMFÍ

Hildur Ýr Viðarsdóttir lögmaður,
hildur@landslag.is
Gísli G. Hall lögmaður,
ggh@lav.is
Sigrún Helga Jóhannsdóttir lögmaður
sigrun@logvis.is

Starfsmenn LMFÍ

Ingimar Ingason framkvæmdastjóri
Eyrún Ingadóttir skrifstofustjóri
Eva Hrónn Jónsdóttir lögfræðingur
Dóra Berglind Torfadóttir bókari og ritari

Forsíðumynd

Tim Ward lögmaður Íslands í Icesave var á hádegisverðarfundum Lögmannafélags Íslands og Lögfræðingafélags Íslands í byrjun desember.

PRENTVINNSLA

Litlaprent ehf.

UMSJÓN AUGLÝSINGA

Óflun ehf., sími: 530 0800
ISSN 1670-2689



Yfir 30 ára reynsla

1991 - 2023

Við þökkum traustið



Hvað gerir þú við gamla farsímann?

Hvað verður um tölvubúnaðinn þinn?

Geymir þú viðkvæmar upplýsingar á USB lykli?

Hvað verður um skjölin þín?

Gagnaeyðing eyðir hverskyns gögnum og búnaði samkvæmt alþjóðlega viðurkenndu og vottuðu ferli, allt frá móttöku til eyðingar. Eyðingin sjálf gerist með tætingu og fer kurlið til endurvinnslu hjá viðurkenndum vinnsluaðila.

Hafðu samband!

Opið mánudaga - fimmtudaga 8:30 -17:00 og til 16:00 á föstudögum.

Örugg eyðing gagna



GAGNAEYÐING

SJÁLFSTÆÐI DÓMSTÓLANNA

SIGURÐUR ÖRN HILMARSSON LÖGMAÐUR
FORMAÐUR



Þriðjudaginn 5. desember stóð forsætisráðherra fyrir málþingi vegna endurskoðunar stjórnarskrárinnar. Í þetta skiptið voru breytingar á dómstólakaflanum til umræðu en forsætisráðherra hafði áður falið Hafsteini Þór Haukssyni til að rita greinargerð og gera breytingartillögur.

Sjálfstæðir og öflugir dómstólar eru forsenda lýðræðislegs réttarríkis. Færa mætti rök fyrir því að ekkert skipti máli ef endastöðin virkar ekki. Réttindi borgaranna gagnvart hver öðrum, sem og ríkisvaldinu sjálfu, eru einskis virði ef ekki er hægt að láta á þau reyna fyrir óháðum og óhlutdrægum dómstólum. En málin fara ekki sjálfkrafa fyrir dómstólana. Það er ekki nægilegt að byggja eingöngu undir dómstólana heldur þarf að tryggja sjálfstæða lögmannsstétt og möguleika borgaranna á því að bera mál sín undir dóm, s.s. með réttaraðstoð ef þarf. En hvers vegna er nauðsynlegt að kveða á um þessi málefni í stjórnarskrá. Hverjar eru hætturarnar? Skiptir þetta yfirhöfuð einhverju máli?

Við þurfum ekki að leita langt út fyrir landsteinana til að finna átök um sjálfstæði dómstólanna. Árið 2017 lækkaði pólska ríkið eftirlaunaaldur dómara og veitti dómismálaráðherranum heimild til að framlengja skipun einstaka dómara eftir nánari mati ráðherra. Yfirlýst markmið pólskra yfirvalda var að berjast gegn spillingu og skipta út dómurum sem hefðu verið skipaðir þegar Pólland var undir kommúnistastjórn en gagnrýnendur héldu því fram að tilgangurinn væri að skipa nýja dómara sem væru hliðhollir yfirvöldum. Þar á undan höfðu pólsk yfirvöld ráðist í opinberar herferðir til að grafa undan trausti á dómstólum. Þá sætir sjálfstæði dómstólanna árásum í Ungverjalandi, Rúmeníu, Sviss, Tyrklandi, Serbíu, Ítalíu og víðar. Við höfum heldur ekki farið varhluta af þessari umræða hér heima á Íslandi.


Útgangs- eða kannski frekar upphafspunkturinn í tillögum Hafsteins Þórs er núgildandi V. kafli stjórnarskrárinnar um

dómstólaskipan. Í tillögunum eru svo m.a. færðar í texta gildandi stjórnskipunarvenjur, s.s. um sjálfstæði dómstólanna, hlutverk Hæstaréttar sem æðsta dómstóls landsins, þ.m.t. endurskoðunarvald hans með stjórnskipulegu gildi laga.

Við breytingar á stjórnarskránni er sjálfsagt að líta til ríkjandi kenninga innlendra og erlendra stjórnskipunarfræðinga, s.s. eins og tilmæli Evrópuráðsins frá 2010 um sjálfstæði dómstólanna og ráðlegginga Feneyjarnefndarinnar frá sama ári. Í báðum þessum skjölum er lögð rík áhersla á að skipunarvald dómara sé ekki í höndum löggjafar- eða framkvæmdarvalds heldur fjölskipuðum sjálfstæðum aðila, þar sem meirihluti fulltrúa væri skipaður dómurum. Þessi aðili færi sjálfur með skipunarvaldið eða hefði úrslitaáhrif (e. decisive influence) á lokaákvörðunina.

Þá bendir Feneyjarnefndin einnig á mikilvægi þess að dómstólarnir fái nægilegt fjármagn til að sinna stjórnarskrárbundnu hlutverki sínu. Þó ekki sé gerð krafa um fullkomið fjárhagslegt sjálfstæði þeirra, ber fjárveitingarvaldinu að tryggja dómstólunum nægilega fjármuni svo þeir geti rækt hlutverk sitt. Samkvæmt 7. gr. núgildandi dómstólalaga er það hlutverk stjórnar dómstólasýslunnar að leggja mat á og gera tillögur til ráðherra um nauðsynlegar fjárveitingar. Þótt ráðherra sé samkvæmt ákvæðinu ekki skylt að taka tillögur dómstólasýslunnar upp óbreyttar er lagt til grundvallar að hann víki ekki frá þeim „nema í alveg sérstökum tilvikum“, svo vitnað sé til athugasemda í frumvarpinu. Ljóst er að ákvæðinu var ætlað að tryggja betur sjálfstæði dómstólanna en tíminn mun leiða í ljóst hvernig til tókst.

Ég hlakka til áframhaldandi umræðna á meðal lögmannna og annarra um þessi málefni á næstu mánuðum. Þangað til óska ég ykkur gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári!




Audi Q8 e-tron






Meiri drægni, hraðari hleðsla - enn skemmtilegri aksturseiginleikar

Eigum bíla til afhendingar

8 ÁRA ÁBYRGÐ
Á RAFHLÖÐUM

5
FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HÁ HENGLU

 Hekla

Laugavegi 174, 105 Reykjavík  Sími 590 5000  www.hekla.is
Höldur Akureyri  Bílasala Selfoss  Bílaskjarninn Reykjanesbæ  BVA Egilsstöðum

LOSNDAR OG RAKNAR SÁ HNÚTUR...

ARI KARLSSON
RITSTJÓRI



Meðal jólahefða þegar ég var barn var að mæta á hið árlega jólaball Lögmannafélagsins. Afi bauð barnabörnum sínum en sjálfur kom hann hins vegar ekki með á ballið; líklega sökum fordæmalausra anna og óvenjuþungs verkefnaálags í Bæjarþinginu milli jóla og nýjárs. Amma fór með okkur í staðinn.

Ballið sjálf fór fram milli hátíða í Áttthagasal Hótel Sögu. Sama hljómsveit spilaði, dansað var kringum jólatréð, allir fengu kökur og gos úr dælu og sátu við uppdúkuð hringborð. Jólaveinar komu undir miðbik ballsins og leystu að lokum alla út með sælgætispoka frá Nóa Sírius. Hápunkturinn var síðan þegar ég ruddist fram fyrir önnur börn til þess að fá að syngja eitt eða tvö jólalög með hljómsveitinni. Skólafélagar föður míns höfðu sérlega gaman af þessu og hvöttu barnið áfram með því að hrópa: Syngdu meira, litli Finsen! Gleði móður minnar yfir þessu uppátæki var hins vegar eitthvað hófstiltari.

Í minningunni var jólaball Lögmannafélagsins einn af hápunktum skemmtanálífsins og jólanna. Eftir á að hyggja var þetta bara ósköp venjulegt jólaball en hér verður að hafa í huga að um miðjan níunda áratuginn var Ísland enn þá að mestu rekið með aðferðum áætlunarbúskapar. Hið opinbera miðstýrði með einum eða öðrum hætti flestum þáttum hins daglega lífs, þ.m.t. vaxtastigi, gjaldeyri, 200% kjarnföðurstollum, sjónvarpsleysi á fimmtudögum og bannaði sölu bjórs og hundahald í Reykjavík. Helstu jólaskemmtanir barna níunda áratugarins var að fara í Miklagarð, skoða jólasveininn í glugganum á Rammagerðinni og fara í Blómaval við Sigtún að horfa á apana.

Jólaball Lögmannafélagsins varð kannski þess vegna fastur og óumbreytanlegur punktur jóla þessara ára. Þegar opinberar heimildir um þessa skemmtun eru rýndar má sjá að ballið var nýbreytni í félagsstarfi lögmanna á 9. áratugnum. Stjórn Lögmannafélagsins starfsárið 1983-1984 ákvað að standa fyrir þeirri nýbreytni, jólin 1983, að efna til jólatrésskemmtunar fyrir börn og barnabörn félagsmanna og starfsfólks þeirra sem að sögn tókst hið besta. Samkvæmt Tímariti lögfræðinga var jólaballið

haldið með óbreyttu sniði fram til ársins 1990, en þá var því haldið áfram í samvinnu við Lögfræðingafélagið.

Í skýrslu stjórnar Lögfræðingafélagsins í Tímariti lögfræðinga árið 1998 er greint frá því að jólaball hafi fallið niður árið 1997 sökum þátttökuleysis. Samkvæmt Lögmannablaðinu var reynt að endurvekja þessa hefð tvisvar sinnum eftir aldamótin og þá í samvinnu við Dómarafélagið. Takmarkaður áhugi var á þátttöku og lognaðist þessi hefði endanlega niður árið 2005 enda framboð á jólaskekkmtunum allt annað og meira. En svo fór hér eins og Jón Helgason sagði að: „Losnar og raknar sá hnútur, sem traustast vér bindum.“

Líklegast hefur sól jólatrésskemmtunarinnar risið hvað hæst árið 1987 þegar Lögmannafélagið taldi ástæðu til þess að auglýsa sérstaklega í Morgunblaðinu að jólatrésskemmtun félagsins yrði haldin samdægurs og miðar væru seldir í forsölu á skrifstofu félagsins. Auglýsinguna sem telur til meiri skyldleika við innköllun en auglýsingu um skemmtun má sjá hér að neðan.

Jólavenjur fólks eru mismunandi og síbreytilegar. Ein hefð þessarar ritnefndar er að óska lesendum blaðsins gleðilegra jóla, árs og friðar. Hún er óbreytt frá síðasta ári:

Ritnefnd Lögmannablaðsins óskar lesendum blaðsins nær og fjær, til sjávar og sveita, hérlendis sem erlendis, gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári um leið og hún þakkar samfylgdina á árinu sem er að líða.

Lögmenn

Jólatrésskemmtun LMFÍ verður haldin í dag, þriðjudaginn 29. desember, í Áttthagasal Hótel Sögu og hefst kl. 15.00.

Forsala aðgöngumiða verður frá kl. 9.00–12.00 á skrifstofu félagsins.

Lögmannafélag Íslands.


Umhverfislausnir fyrir skrifstofur

Terra Umhverfisþjónusta býður upp á örugga förgun og endurvinnslu raftækja, rafhlaðna og trúnaðarskjala sem til falla á skrifstofum.

Við útvegum ílát og sækjum!

Prenthylki

Þarf að setja í umbúðirnar undan nýju hylkjunum áður en þau fara í tunnuna.




Lítill raftæki og málmar

Má setja í lausu í tunnuna.



Skjalaeyðing

Trúnaðarskjölum má safna í sérstök læst ílát. Þeim er síðan eytt samkvæmt vottuðum gæðastaðli. Tættur pappírinn fer að því loknu til endurvinnslu.



Rafhlöður og smáraftæki

Þeim skal safnað í sér ílát sem við köllum rafhlöðutunna.

Stór raftæki


Við sækjum einnig stór raftæki sem ekki komast í tunnuna.



Raftækjatunna



Skjalaeyðingartunna



Rafhlöðutunna





Góður rómur var gerður að erindi Tim Ward.



Alls mættu 60 manns til að hlusta á Tim Ward lögmann á hádegisverðarfundum Lögmannfélags Íslands og Lögfræðingafélags Íslands. F.v. Þorbjörg Inga Jónsdóttir, Sigríður A. Andersen, Una Björk Ómarsdóttir, Hafdís Ólafsdóttir, Lárus Ólafsson, Davíð Guðmundsson, Ingvi Hrafn Óskarsson, tveir í felum og að lokum Oddur Þorri Viðarsson.

ICESAVE DÓMURINN 10 ÁRA

Um þessar mundir eru tíu ár liðin frá því að EFTA-dómstólinn sýknaði Ísland vegna Icesave málsins. Í tilefni þess var Tim Ward, sem fór fyrir málflytningsteymi Íslands, sæmdur riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu fyrir störf í þágu íslenskra hagsmuna á alþjóðavettvangi 6. desember síðastliðinn. Lögfræðingafélag Íslands og Lögmannafélag Íslands efndu í framhaldinu til hádegisverðarfundar með Tim Ward sem Kristján Andri Stefánsson, sendiherra Íslands gagnvart Evrópusambandinu, stýrði. Ásgeir Jónsson seðlabankastjóri var jafnframt með framsögu og vék að efnahagslegum langtímaáhrifum dómsins.

Eins og flestir muna bauð Landsbanki Íslands innlánsreikninga í útibúum í Bretlandi og Hollandi undir heitinu Icesave og urðu viðskiptavinir alls um 350 þúsund. Við fall Landsbankans í október 2008 urðu reikningarnir óaðgengilegir en stjórnvöld í Bretlandi og Hollandi tóku þá ákvörðun að greiða innstæðueigendum upp að þeim mörkum sem þau höfðu áður ábyrgst vegna þarlandra banka. Í kjölfarið þróaðist milliríkjadeila á milli Íslands annars vegar og Bretlands og Hollands hins vegar um það hvort og þá að hvaða marki Ísland bæri ábyrgð á reikningunum og því einnig ábyrgð á endurgreiðslu til Bretlands og Hollands.

Á fundinum rifjaði Tim Ward upp með hvaða hætti hann, ásamt málflytningsteyminu sem var skipað þeim Kristjáni

Andra, Þóru M. Hjaltsted, þá skrifstofustjóra í efnahags- og viðskiptaráðuneytinu, Jóhannesi Karli Sveinssyni lögmanni, Einari Karli Hallvarðssyni þáverandi ríkislögmanni, Kristínu Haraldsdóttur, þá sérfræðingi við lagadeild Háskólans í Reykjavík og Reimari Péturssyni lögmanni, lagði grunn að þeim vörnum sem tryggðu Íslandi að lokum fullnaðarsigur í viðureign sem skekið hafði þjóðina um árabil. Í þeirri baráttu hafði ekki aðeins reynt á samstarf Íslands við önnur ríki og alþjóðlegar stofnanir heldur einnig valdið harðvítugri stjórn málaátökum en dæmi eru um í seinni tíð.

Þrjár tilraunir voru gerðar til þess að semja um málið við Breta og Hollendinga. Í fyrsta skiptið samþykkti Alþingi samning



Sigurður Örn Hilmarsson bauð gesti velkomna. Kristján Andri Stefánsson stjórnaði fundi.



Ásgeir Jónsson fór yfir hagtölur Icesave samninganna.

með fyrirvörum sem Bretar og Hollendingar felldu sig ekki við. Í annað skiptið samþykkti þingið samning sem forseti Íslands neitaði staðfestingar og vísaði til þjóðaratkvæðagreiðslu þar sem samningurinn var felldur með miklum meirihluta. Þriðji samningurinn um Icesave fór sömu leið og var felldur í þjóðaratkvæðagreiðslu 9. apríl 2011.

Þegar ljóst var að samningaleiðin var fullreynd hóf eftirlitsstofnun EFTA undirbúning málssóknar fyrir EFTA-dómstólnum vegna meintra brota Íslands á skyldum sínum samkvæmt samningnum um evrópska efnahagssvæðið. Dómur féll 28. janúar 2013 með því að Ísland var sýknað af öllum kröfum málsins.

Á fundinum fór Tim Ward yfir forsöguna þegar sendifulltrúar Íslands nálguðust hann um að flytja þetta mikilvæga hagsmunamál fyrir Íslands hönd. Skál engan undra að hann vissi í raun ekki hvað hann væri að fara út í. Það var fjölmiðlahlutinn sem kom honum mest á óvart en fram að þessu hafði hann ekki rætt við fjölmiðla en gerði það óhikað þegar eftir því var leitað. Þá véc hann einnig að samskiptum við stjórnámálmenn, sem voru m.a. áhugasamir um mat hans á möguleikum Íslands í málinu, sem Tim Ward tjáði sig lítið um. Haft var eftir honum í kjölfar dómsins að þetta hefði verið erfitt mál en að málf lutningsteyminu hefði alltaf fundist sín röksemdafærsla góð.

Tim Ward varði löngum stundum á Íslandi við að kynna sér málið og lagði sig sérstaklega fram um að setja sig inn í og skilja íslenskar aðstæður. Það lagði grunn að því óskoraða trausti sem hann naut til að verja málstað Íslands.

Í erindi sínu hrósaði Tim Ward málf lutningsteyminu og gagnsemi þeirra vinnufunda sem þau áttu. Tim Ward fór yfir helstu áskoranirnar í málsvörninni. Þegar kom að því að túlka

túlkipunina þá var málsvörninn sú að jafnvel þó að henni væri ætlað að tryggja mikla neytendavernd þá gæti hún ekki falið í sér allsherjar neytendavernd. Gæti hún ekki náð svo langt að ríkissjóði yrði gert að ábyrgjast allar skuldbindingar vegna innstæðna. Slíkt myndi fela í sér freistnivanda. Þá véc hann að því að einungis innlendar innstæður voru færðar til nýju bankanna en í málinu var byggt á því gagnvart Íslandi að í því fælist mismunur. Varnir Íslands byggðu á því að ætluð mismunur væri ekki fyrir hendi, þar sem allar innlendar innstæður voru meðhöndlaðar eins. Tim Ward minnti á að samhengið var alveg einstakt þar sem ekki var einungis verið að horfa í eitt bankaþrot heldur þá staðreynd að heilt bankakerfi hrundi. Þetta voru einkabankar og ríkið gat raunverulega ekki verið skyldugt að bæta þetta.

Frammistaða Tim Ward í málf lutningnum vakti verðskuldaða athygli og engum blandaðist hugur um að hann lagði allt undir til að tryggja Íslandi þá farsælu niðurstöðu sem raunin varð. Tim Ward var í framhaldi þessa máls valinn „barrister of the year“ í Englandi árið 2013.

Langtímaáhrif samninga

Ásgeir Jónsson seðlabankastjóri rifjaði upp að jafnvel þó að Bretar hafi sett á okkur hryðjuverkaloð þá vann breska stjórnin með Íslendingum. Búist var við að það yrði skyndisala á eignum bankanna í kjölfar falls þeirra en það ríkti full samvinna um að tryggja að svo yrði ekki. Ásgeir fór yfir hagtölur vegna Icesave reikninganna sem erfitt er að setja í samhengi. Samhliða benti hann á að almennt séð voru eignagæði íslensku bankanna erlendis mikil og endurheimt yfir 90% í tilteknum útibúum.

Hvað varðar lærdóm af málinu þá benti Ásgeir á að Íslendingar hafa ekki staðið í stórum alþjóðlegum samningum frá þessum



F.v. Kjartan Gunnarsson, Sigríður Snævarr, Sverrir Haukur Gunnlaugsson og Þorgeir Pálsson.

tíma. Hann kom inn á að það væri ljóst að þessir samningar höfðu mikil pólitísk áhrif og munu hafa þau áhrif. Umsókn um ESB sem var í gangi varð fyrir miklum áhrifum og Bretar notuðu ESB og AGS til að beita áhrifum gegn íslenska ríkinu. Málið kenndi Íslendingum líklega að kaupa erlenda sérfræðiaðstoð þegar það á við. Þá hafði þetta viss áhrif á stjórnskipan þar sem málin voru tekin fyrir í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Í samhengi við Seðlabankann þá hefur bankinn fengið mikið umboð til að tryggja að fjármálakerfið sé öruggt og staðan er ótrúlega góð að mati Ásgeirs. Íslendingar hafa líklega sett

hörðustu skilyrði á innlenda banka en þekkt á byggðu bóli. Það er mikill öryggisviðbúnaður, eiginfjárkröfur, lausafjárkröfur, kröfur um áhættutöku o.s.frv. Ásgeir benti á að okkur hefur heppnast að halda skuldaaukningu í lágmarki. Niðurstaðan var sú að Íslendingar hafi lært af málinu og atburðunum sem leiddu til þess.

Unnur Lilja Hermannsdóttir

Ertu með allt á hreinu 2021?

Háaleitisbraut 58-60 • 108 Reykjavík • Sími: 553 1380

EFNLAUGIN
BJÖRG
HÁALEITISBRAUT
 STOFNAD 1953



Gleðileg jól, farsælt komandi ár



BBA // FJELDCO



Deloitte.
Legal



juris



LANDSLÖG | LÖGFRÆÐISTOFA



LÖGMANNSSTOFA



F.v. Ragna Bjarnadóttir, Páll Winkel, Helgi Gunnlaugsson, Sigurður Tómas Magnússon, Símon Sigvaldason, Sigurður Örn Hilmarsson og Sigríður J. Friðjónsdóttir.

FULLNUSTUKERFIÐ OG STAFRÆNT RÉTTARFAR – BREYTINGAR TIL HINS GÓÐA?

Þyngd og tegund refsinga, lágt innheimtuhlutfall dómsekta, fjöldi refsidóma sem fýrnast og hvaða þættir málsmeðferðar eigi að falla undir stafrænt fyrirkomulag voru meðal umfjöllunarefna málstofu um fullnustu refsinga og stafrænt réttarfar á Lagadeginum 2023. Fyrir hlé var fjallað um fullnustu refsinga og eftir hlé um réttaröryggi í stafrænu réttarfari. Stjórnandi rökstólanna var Sigurður Tómas Magnússon hæstaréttardómari sem sinni því hlutverki með miklum sóma.

Fullnustuvandinn

Þátttakendur voru Helgi Gunnlaugsson afbrotáfræðingur og prófessor við Háskóla Íslands, Páll Winkel forstjóri fangelsismálastofnunar, Ragna Bjarnadóttir skrifstofustjóri almanna- og réttaröryggis í dómsmálaráðuneytinu, Sigríður Friðjónsdóttir ríkissaksóknari, Sigurður Örn Hilmarsson lögmaður og formaður LMFÍ og Símon Sigvaldason landsréttardómari.

Í upphafi var rétt um það hvort til væri einföld lausn við þeim vanda að vægari refsingar og vararefsingar væru sjaldnast

afplánaðar. Bent var á að dómstólar dæmi nánast tvöfalt þyngri refsingar í dag en gert var fyrir sömu afbrot árið 2005 en á sama tíma hafi fjárveitingar til stofnana lækkað um fjórðung, m.a. vegna efnahagshrunsins. Páll taldi að hægt væri að vinna að styttingu biðlista eftir afplánun með ákveðnum aðgerðum en fram til þessa hafi stjórnvöld ekki farið í þá pólitísku stefnumótun sem til þyrfti. Sigríður benti á að fullnustuvandanum hafi átt að mæta meðal annars með nýju fangelsi en fjárskortur hefði sett sitt strik í reikninginn. Þá taldi hún ákveðinn vanda felast í því að einstaklingar með fíknivanda væru í miklum mæli dæmdir en þar séu oft á ferð einstaklingar sem í grunninn séu sjúklingar og með

réttu ætti að beita meira viðeigandi úrræðum í þeim tilvikum. Páll taldi afglæpavæðingu neysluskammta engu myndi breyta um fullnustu fangelsisdóma enda sæti enginn í fangelsi vegna slíkra afbrota. Öðru máli gegndi hins vegar um að afglæpavæðingu brota sem framin eru af einstaklingum í neyð í því skyni að afla fíkniefna, en slíkt myndi án vafa leiða til þess að minnka þennan vanda og létta á fullnustukerfinu.

Árið 2020 var leitað leiða til að leysa langan boðunarlista eftir afplánun án þess að auka kostnað kerfisins. Lausnin fólst einkum í afplánun utan fangelsa, m.a. í formi samfélagsþjónustu, rafrænnar afplánunar utan fangelsa, opnum úrræðum o.s.frv. og hefur notkun þessara úrræða aukist mikið frá þeim tíma. Helgi telur þetta hafa gengið mjög vel og yfirleitt vera ódýrara en fangelsisafplánun auk þess að með þessu sé reynt að láta fangelsisvist ná fyrst og fremst til þyngri dóma. Sigurður Örn bætti við að mikilvægt væri að muna að fangelsisdómur geti þýtt meira fyrir þann sem er dæmdur heldur en afplánunin ein. Símon og Ragna töldu nauðsynlegt að skoða kerfið í heild sinni.

Ákvörðun refsinga

Næst kom til tals hvort refsivörslukerfinu væri stefnt í hættu ef afplánun refsinga væri með ófullnægjandi hætti. Helgi kvað rannsóknir sýna að hvorki hertar refsingar né lengri dómur drægju úr afbrotum. Margt hafi þó áhrif á lengd dóma, svo sem almenningsálit og fordæming almennings á háttsemi. Páll sagði að ef hugmyndafræðin að baki refsivörslukerfinu væri hefnd þá værum við á rangri braut því raunin væri að fólk kæmi reiðara og hættulegra úr fangelsi. Ef fólk færi hins vegar fyrst í lokað fangelsi, þaðan í opið og svo í afplánun utan fangelsis þá væri miklu líklegra að það aðlagðist aftur samfélaginu. Þetta hefði reynslan sýnt.

Símon taldi að ákvörðun refsingar yrði að samrýmast brotinu og benti á að í dag væri ofuráhersla lögð á umferðarlagabrot og fyrir vikið fengju menn þunga dóma fyrir endurtekin brot í þeim málaflokki en síður væri lögð áhersla á ofbeldisbrot sem geti þó leitt af sér alvarlegar afleiðingar fyrir brotþola. Sigurður Örn kvað þyngri refsingar ekki endilega hafa meiri varnaráhrif. Benti hann á að reynslan úr bandaríska refsivörslukerfinu sýndi að fólk reyni mun fremur að komast undan refsingu ef hún er of þung.

Samspil dóms- og fullnustukerfis

Sérstakt samspil dóms- og fullnustukerfisins, sem tekur við í kjölfarið, var að lokum rætt og benti Sigurður Tómas fundarstjóri á að dómur geti ekki dæmt fólk í samfélagsþjónustu á Íslandi, ólíkt því sem þekktist í nágrennlöndum.



Fullur salur hlustaði á rökstóla um fullnustu og stafrænt réttarfar.

Sigríður sagði kerfið ógagnsætt þegar kemur að fullnustu refsinga en allt frá samningu ákæru og til uppkvaðningar dóms væru ákærendur og dómur að leggja mat á málin út frá reglum refsiréttar og sakamálaréttarfar. Að því búnu hefðu þessir fagaðilar enga aðkomu að fullnustu dómsins og víti í raun ekkert hvernig henni verði á endanum háttáð eða hvaða stakkaskiptum dæmd refsing kann að taka. Nú er bráðabirgðaákvæði í lögum um fullnustu refsinga sem heimilar tímabundið að unnt sé að fullnusta allt að tveggja ára óskilorðsbundna fangelsisdóma með samfélagsþjónustu og benti Sigríður á að slíkur dómur teljist þungur hér á landi og að baki geti verið alvarleg brot, s.s. nauðgunarbrot og önnur kynferðisbrot, þar sem refsing sé oft á bilinu eitt ár til átján mánuðir. Með þessu eigi því meiri hluti dómþola möguleika á samfélagsþjónustu og telur Sigríður að dómari eigi að hafa ákvörðunarvald um þetta. Símon tók undir þetta og sagði að þótt dómur væru að vissu leyti þakklátir fangelsismálayfirvöldum að þurfa ekki að leysa þetta verk þá gengi þetta nærri þriggri greiningu ríkisvaldsins.

Páll var ósammála því að kerfið væri ógagnsætt og sagði nauðsynlegt að til staðar væri hvati fyrir fólk til að breyta hag sínum í kjölfar refsiverðs verknaðar. Helgi taldi íslenska fyrirkomulagið hafa gengið vel. Dómur skeri úr um alvarleika brotsins og refsíákvörðunina og í kjölfarið taki framkvæmdavaldið við og þá væri það manneskjan sem væri í sigtinu. Framkvæmdavaldið væri hér í þeirri stöðu að geta metið framgang á fullnustu refsingar en dómstólar ættu að ákvarða refsinguna. Vék hann í kjölfarið að mikilvægi og tilgangi samfélagsþjónustu og hvaða lærdóm þau sem hana vinni dragi af henni.

Ragna taldi sveigjanleikann sem í lögnum felst af hinu góða og benti á að eftir að dómur væri kveðinn upp þá væri það ekki einungis fangelsismálastjóri heldur einnig fanginn sjálfur sem ákvæði þyngd refsingarinnar með háttsemi sinni. Að lokum tók



F.v. Björn L. Bergsson, Snædís Ósk Sigurjónsdóttir, Sigurður Tómas Magnússon, Kristín Benediksdóttir og Sigurður Örn Hilmarsson.

Sigurður Örn tók undir með Sigríði og Símoni og taldi engan vafa á því að samkvæmt stjórnarskrá ætti þetta vald að vera hjá dómstólum. Dómurum bæri að marka ramma refsingarinnar.

Réttaröryggi í stafrænum heimi

Í síðari hluta rökstólanna var fjallað um það hvernig við tryggjum réttaröryggi í stafrænu réttarhari og hvernig æskilegt væri að slíkt kerfi líti út. Þátttakendur voru Björn L. Bergsson héraðsdómari, Kristín Benediksdóttir dósent við Lagadeild Háskóla Íslands, Snædís Ósk Sigurjónsdóttir lögfræðingur dómstólasýslunnar og Sigurður Örn Hilmarsson lögmaður og formaður LMFÍ.

Snædís fjallaði í upphafi um stafræna málsmeðferð fyrir dómstólum, þ.m.t. stafræna birtingu stefna og ákæra til einstaklinga, og að málin myndu flæða milli dómstiga með rafrænum hætti. Kvað hún um 1.000 rannsóknarúrskurði hafa verið afgreidda í réttarvörslugáttinni á þessu ári og nú sé hafinn undirbúningur á móttöku ákæra. Ákveðið hafi verið að byrja á umferðarlagabrotum. Smátt og smátt muni svo allar málategundir færa í réttarvörslugáttina. Dómstólasýslan hafi unnið að innleiðingu vefgáttar hjá héraðsdómstólunum sem getur tekið á móti gögnum með rafrænum hætti í málum sem réttarvörslugáttin nær ekki þegar til. Þegar innleiðingunni verður lokið þá verði þetta eina leiðin til að senda dómstólum gögn rafrænt þar til réttarvörslugáttin taki við. Um sé að ræða sömu vefgátt og Landsréttur hafi notað. Snædís vísaði til þess að dómsmálaráðuneytið væri að vinna að frumvarpi sem geri réttarfarslögjöfina hlutlausu um afhendingarmáta gagna þannig að rafræn skjöl verði jafngild pappírsskjölum hjá dómstólunum. Hjá dómstólasýslunni sé jafnframt unnið að því að hanna og þróa nauðsynleg upplýsingatæknikerfi, uppfæra tæknibúnað dómstólanna og þjálfa starfsfólk dómsterfisins í nýrri tækni. Björn telur þetta kerfi vera gríðarlega gagnlegt og til mikill einföldunar.

Sem dæmi þá sæju dómamarar nú strax þegar verjendur hefðu skilað inn kæru til æðra dómstigs og önnur tilkynning bærist þeim um leið og úrskurðað hefði verið í máli.

Kristín taldi umbreytingarnar geta verið til bóta en engu að síður stæðum við frammi fyrir miklum áskorunum sem fylgi slíkum breytingum, svo sem út frá réttaröryggissjónarmiðum. Sem dæmi þá gætu stafrænar lausnir ekki komið í stað munnlegs málflutnings né þess mannlega þáttar sem skipti svo miklu máli í réttarkerfinu. Dómsterfið væri vissulega gamaldags en það ætti líka að vera það. Breytingar sem þessar geti mögulega stuðlað að auknu réttaröryggi og í því felist mikil tækifæri til að einfalda málsmeðferð í dómsmálum. Hins vegar væri mikilvægt að tryggja aðgang allra að stafrænum lausnum, ekki bara aðgang sumra. Þá væri ekki eingöngu hægt að hafa málsmeðferðina stafræna því aðilar verða að geta hist og náð sáttum, aðilar og vitni þurfa að hitta dómamann. Sigurður Örn tók undir það að mikil tækifæri fælust í þessu en að nálgast verði allar slíkar veigamiklar breytingar varlega. Hinn mannlegi þáttur verði ávallt að vera til staðar enda megi dómsmál ekki vera dæmd út frá tölfraeðinni einni. Sem dæmi nefndi hann að umsækjandi sem sækti um hæli í Bandaríkjunum ætti tölfraeðilega verri líkur á jákvæðri niðurstöðu ef hann hittu ekki dómamann.

Stefnubirtingar

Rætt var um stafrænar stefnubirtingar og vandamál þeim tengdum svo sem fyrir fólk sem er ekki með fullt aðgengi að rafrænu Íslandi ennþá. Björn benti á að núverandi stefnubirtingarfyrirkomulag væri fjarri því yfir gagnrýni hafið en þó væri rétt að horfa til þeirra einstaklinga sem ekki hafi aðgengi að stafrænni birtingu. Við slíkar aðstæður verði að tryggja að viðkomandi sé birt stefna og dómur ef á við, með öðrum hætti. Snædís Ósk tók undir það og taldi jafnframt að rýmka mætti endurupptökuheimildir.

Í umræðum var meðal annars fjallað um aðrar leiðir en stafræna móttöku dómstóla á skjölum, löglegar undirskriftir rafrænna skjala og ýmsar áskoranir sem enn kynnu að eiga eftir að skýrast eftir því sem meiri reynsla skapast af notkun slíkra lausna. Þá vék hæstaréttardómari úr sal óvænt að því að Hæstiréttur taki nú við beiðnum um leyfi til að áfrýja málum til réttarins rafrænt og að fyrsta beiðnin hafi borist frá lögmanni á sextugsaldri án vandkvæða. Tók hann fram að þetta væri viðbótarþjónusta og enn væri tekið við bréflögum áfrýjunarbeiðnum.

[Arnar Vilhjálmur Arnarsson.](#)



Gleðileg jól, farsælt komandi ár

REYKJAVÍK

Afl Lögmenn ehf.
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

ALÍSA hf.
Sundagörðum 2
105 Reykjavík

Alskil hf.
Suðurlandsbraut 10
108 Reykjavík

ALTUS lögmenn
Laugavegi 182
105 Reykjavík

AM Praxis lögfræðistofa
Kirkjuteigi 21
105 Reykjavík

Arctica Finance hf.
Katrínartúni 2
105 Reykjavík

Atlas lögmenn
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

Ava Legal slf.
Lágmúla 7
108 Reykjavík

Bonafide lögmenn/ráðgjöf sf.
Pósthússtræti 3
101 Reykjavík

Bótamál ehf.
Arnar Vilhjálmmur Arnarsson
Elímar Hauksson
Lágmúla 7
108 Reykjavík

**Claudia & Partners
Legal Services ehf.**
Lágmúla 5
108 Reykjavík

Digna lögmennsstofa slf.
Borgartúni 20
105 Reykjavík

Draupnir lögmennsþjónusta ehf.
Borgartúni 28
105 Reykjavík

E. Sigurjónsson lögmennsstofa ehf.
Suðurlandsbraut 4
108 Reykjavík

Eðalklæði ehf
Langholtsvegi 128
104 Reykjavík

Forum lögmenn ehf.
Ármúla 13
108 Reykjavík

JA Lögmenn ehf.
Knarrarvogi 4
104 Reykjavík

JÁS Lögmenn ehf.
Skólavörðustíg 3
101 Reykjavík

**Jónatansson & Co
lögfræðistofa ehf.**
Suðurlandsbraut 6
108 Reykjavík

Juralis, lögmennsstofa
Suðurlandsbraut 20
108 Reykjavík

Juvo Lögmenn
Klapparstíg 25-27
101 Reykjavík

K-R-S-T Lögmenn
Hafnarhvoli
Tryggvagötu 11
101 Reykjavík

LAG Lögmenn
Ingólfsstræti 5
101 Reykjavík

**Lagadeild Háskóla Íslands
þakkar Lögmennafélagi Íslands
samfylgdina á liðnu ári.**

Lagahvoll slf.
Bankastræti 5
101 Reykjavík

Lagabing sf.
Túngötu 14
101 Reykjavík

Lausnir lögmennsstofa sf.
Suðurlandsbraut 52
108 Reykjavík

Libra lögmenn ehf.
Tjarnargötu 36
101 Reykjavík

**Lögfræðiþjónusta Sigurðar
Sigurjónssonar hrl.**
Kirkjuteigi 21
105 Reykjavík

Lögmennsstofa Jóns G Briem hrl.
Skiptiholti 50b
105 Reykjavík

Lögmenn Árbæ slf.
Nethyl 2
110 Reykjavík

Lögmenn Laugavegi 3 ehf.
Laugavegi 3
101 Reykjavík

Lögmenn Lækjargötu ehf.
Laugavegi 31
101 Reykjavík

**Lögstofa Steinbergs
Finnbogasonar**
Lækjargötu 4
101 Reykjavík

Málsefni / Legal Iceland
Dögg Pálsdóttir hrl.
Páll Ágúst Ólafsson hdl.
Laugavegi 178
105 Reykjavík

Nordic lögfræðiþjónusta
Skólavörðustíg 24
101 Reykjavík

P.Ó. ráðgjöf – lögmennsstofa
Skiptiholti 50d
105 Reykjavík

Reykviskir lögmenn slf.
Pósthússtræti 3
101 Reykjavík

Réttur - ráðgjöf & málflytningur
Klapparstíg 25-27
101 Reykjavík

Sigurjónsson & Thor ehf.
Lágmúla 7
108 Reykjavík

Valva lögmenn
Kalkofnsvegi 2
101 Reykjavík

KÓPAVOGUR

AX Lögmennsþjónusta slf.
Hlíðasmára 6
201 Kópavogi

ÓK Lögmenn slf.
Vindakór 8
203 Kópavogi

HAFNARFJÖRÐUR

direkta.is
Bæjarhrauni 22
220 Hafnarfirði

Lögmenn Thorsplani sf.
Fjarðargötu 11
220 Hafnarfirði

Rapyd Europe hf.
Dalshrauni 3
220 Hafnarfirði

RB rúm
Dalshrauni 8
220 Hafnarfirði

REYKJANESBÆR

Lögmennsstofa Reykjaness
Hafnargötu 35
230 Reykjanesbæ

STYKKISHÓLMUR

Málflyttingsstofa Snæfellsness
Borgarbraut 2
340 Stykkishólmi

AKUREYRI

Almenna lögþjónustan ehf.
Skipagötu 7
600 Akureyri

Íslandsréttur ehf.
Hofsbot 4
600 Akureyri

Lögmennsstofa Norðurlands ehf.
Strandgötu 19b
600 Akureyri

Lögmenn Norðurlandi ehf
Hafnarstræti 94
600 Akureyri

HÚSAVÍK

North Legal Services
Jóhannes Már Sigurðarson
lögfræðingur
641 Húsavík

ESKIFJÖRÐUR

Réttvísi ehf lögmennsstofa
Strandgötu 19a
735 Eskifirði



AF GREINDUM GERVI OG SPUNA

Er unnt að fjötra Fenrisúlfr var spurning sem velt var upp á málstofu Lagadagsins 2023 um áskoranir og tækifæri tækninnar á ýmsum réttarsviðum. Leitað var svara við því hvað væri spunagreind, hvað greindi hana frá annarri gervigreind, af hverju hún skipti lögfræðinga máli og hvort hægt væri að beisla hana.

Málstofustjóri með framsöguerindi var Hörður Helgi Helgason lögmaður hjá Landslögum, formaður áhugahóps um tæknirétt, en auk hans voru Lára Herborg Ólafsdóttir lögmaður hjá LEX og Margrét Helga Kr. Stefánsdóttir lögmaður hjá Lagastoð með erindi. Ef yfirskrift þessarar greinar er „framfíðarmálstofa um tækni“ þá má segja að framtíðin sé núna því það er bara „allt að gerast“ í henni veröld.

Það er munur á greind og spuna

Hörður Helgi sagði gervigreindina nú þegar vera hluta af daglegu lífi okkar, t.d. í veðurspálikönunum og þýðingarforritum. „Vitræn hegðun véla“ og „hæfileiki til að leysa erfið vandamál“ væri góð skilgreining á hvað gervigreind væri en fram að þessu hefðum við þurft að forrita tölvur til að fá niðurstöður.

Sú tækni sem kom síðastliðið vor, spunagreindin, er sú tegund tækni sem hefur vaxið hvað hraðast í heiminum frá því að tölvutæknin fór að ryðja sér til rúms en hún getur skapað efni, t.d. texta, hljóð og mynd, án forritunar. Afar mikið magn gagna og nýleg tækni eru notuð til að þjálfa spunagreindina og þar liggur munurinn á spunagreind annars vegar og annarri gervigreind hins vegar. Það sem olli hvað mestum straumhvörfum í þessari þróun er tækni, svonefndir „breytar“ (e. transformers), sem Google fann upp árið 2017 og birti um greinina „Attention is all you need“.

Í stuttu máli þá eru mállíkönin föðruð með mikilli gnótt gagna. Síðan er hægt að nota breytana til að finna tengsl á milli þeirra og draga út aðalatriðin og fá spunagreindina til að fókusera á það sem við viljum með tiltölulega lítilli fyrirhöfn. Hún er allt í einu byrjuð að haga sér örlítið eins og manneskja; það er hægt að eiga við hana samtal, láta hana skapa ákveðna tegund af tónlist eða

Hver var Fenrisúlfrurinn?

Fenrisúlfrurinn í norrænu goðafræðinni var jötunn í úlfsham. Í upphafi stóð ekki mikil ógn af honum en svo var hann byrjaður að ógna sjálfum ásum sem bundu hann þá fastan. Fyrst var hann fjötraður með Læðingi og honum tókst að losa sig. Svo var hann fjötraður með Dróma og leysti sig úr því. Þá örvæntu æsir og fengu dverga til að búa til fjötur sem nefndist Gleipnir. Fenrisúlfrur stendur svo bundinn í Jötunheimum til ragnaraka en mun þá losna og berjast við Óðin, sem er guð þekkingar, visku og skáldskapar, og vega hann.

Er spunagreindin Fenrisúlfrurinn sem mun vega að lokum þekkinguna, viskuna og skáldskapinn?

útbúa mynd. Þetta er grunnurinn en síðan er öðrum aðferðum beitt til að síða mállíkönin til, einkum það sem nefnt er „RLHF – Reinforced learning with human feedback“, þ.e. fengið er fólk til að fara yfir það sem frá mállíkönunum kemur og gefa því einkunn eftir því hve „æskileg“ sú orðræða er, t.d. með tilliti til þess hvort hún sýnir kynþáttahatur eða karlrembu. Slíkum einkunnum yfirlæsara er gefið aukkið vægi í smíði mállíkananna til að hvetja

til eða letja eftir atvikum tiltekna hegðun. Spunagreind er því sú hegðun véla að geta skapað efni en er innblásin við þá iðju sína af þjálfunargögnum og leiðsögn frá fólki. Ein af áskorunum varðandi mállíkönin er einmitt sú þrönga heimsmynd sem enn er viðhaldið af ákveðnum ráðandi hópi (hvítum miðaldra körlum). Hún endurspeglast í þeim gögnum sem mállíkönin eru fódruð með og ræður því að óbreyttu miklu um það sem út úr þeim kemur, að minnsta kosti ef ekkert er að gert.

Hörður Helgi lagði áherslu á að spunagreindin sé ekki leitarvél og því sé hún ekki áreiðanleg. „Vélin er að skapa, ekki fletta upp. Hún er ekki með neitt innra tékk á því sem er satt og rétt. Þetta verður klárlega eitt af viðfangsefnum löggjafans og svo dómsvaldsins“, sagði hann.

Skiptir spunagreindin máli?

Spunagreindin er á hraðri innreið í flest vinnutæki lögfræðinga, til dæmis við greiningu á skjölum og ábendingar um tengda dóma eða úrskurði. Greindin getur gert tillögur að útdráttum úr skjölum, til dæmis með Microsoft Copilot, og við getum átt samtalið við hana um skjöl á ensku en hún getur einnig skilið íslensku þokkalega og skilað skýrslu. Segja má að hún sé eins og vel lesinn laganemi, með ferskan koll, sem gjarnan stingur upp á einhverju sem engum hefur dottið í hug áður. Spunagreindin hefur verið látin taka staðlað lagapróf í Ameríku (LSAT) og stendur hún sig mun betur en flestir nýnemar. Þetta staðlaða próf byggir einungis að hluta til á utanbókarlærdómi og felst einnig í raunhæfum verkefnum.

Spunagreindin hefur rutt sér rúms á skömmum tíma á flestum sviðum þjóðfélagsins, til dæmis í viðskiptalífínu og heilbrigðis-kerfinu og því fylgja margar lagalegar og siðferðilegar áskoranir. Hörður Helgi sagði að mikilvægt væri að reyna minnka bilið á milli löggjafans og tækninnar. Nú þegar væru brýn lagaleg álitaefni á mörgum réttarsviðum, svo sem í neytendarétti

þar sem vangaveltur eru um ábyrgð á efni sem er framleitt og í höfundarétti þar sem spurningar hafa vaknað um hver eigi afurðina sem kemur úr vélunum ef þær eru fódraðar á höfundarverkum annarra.

Ný reglugerð um grundvallarréttindi

Lára Herborg fjallaði um fyrirhugaða regluvæðingu ESB um gervigreind þar sem lögð er áhersla á grundvallarréttindi einstaklinga, mannlega aðkomu og gagnsæi.

Árið 2017 hófst vinna hóps sérfræðinga á vegum framkvæmdastjórnar ESB sem gaf í kjölfarið út meginviðmið varðandi ábyrga gervigreind. Í fyrsta lagi var **siðferðislega viðurkenndur tilgangur** gervigreindar nefndur, sem eigi að vera til gagns fyrir samfélagið og umhverfið í heild sinn. Númer tvö er **ábyrgð** en ekki er hægt að firra sig henni. Númer þrjú er **gagnsæi og geta til útskýringar á þjálfun gervigreindar** til að auka traust og númer fjögur er **meðalhóf og sanngirni** - eða mannréttindi þar sem gervigreindin nær ekki lengra en reynsla og þekking þeirra sem þjálfá hana. Númer fimm er **öryggi og áreiðanleiki** svo þess sé gætt að gervigreindin verði óhlutdræg frá upphafi, númer sex er **opinn aðgangur að gögnum og eðlileg samkeppni** og loks númer sjö er **persónuvernd og friðhelgi** einkalífs.

En af hverju reglur?

Margir óttast að ný löggjöf þýði lakari samkeppnisstöðu fyrir fyrirtæki í Evrópu þar sem löggjöfin verður strangari en í Bandaríkjunum, til dæmis, hefur sjónarmiðum um réttindi einstaklinga kannski verið minni gættur, enda í tæknistríði við Kína, og þar er hugsunin sú að löggjöf eigi ekki að hamla för. Þó eru blikur á lofti um að það kunni að breytast. Í Kína er fyrst og fremst horft á gagnsæi gervigreindar; að notendur geti gert sér grein fyrir að því hvernig unnið sé með gögn en þar er löggjöf sem tryggir m.a. að gervigreind hlíti regluverki um ritskoðun. Þannig takast á ólík sjónarmið.

Lúðvík Emil Kaaber


Löggiltur skjalabýðandi í ísensku og ensku

Klukkulandi, 471 Þingeyri

Löng reynsla af þýðingum á réttarskjölum, samningum og greinargerðum fyrir lögmenn, fyrirtæki og opinberar stofnanir. Löggjafarfræðingur og reynsla af lögmennstörfum.

Símar 553 3389 og 861 8304. Netfang: lucius@simnet.is

Lára Herborg sagði spunagreindina ekki vera „greind“ í mannlegum skilningi heldur frekar stærðfræðileg í formi algóritma eða móðela: „Við erum sífellt að búa til gögn um okkur sjálf á netinu; með áhorfi á streymisveitur, deila myndum og smella á „like“ á samfélagsmiðlum. Jafnvel þegar við verslum fót eða kaupum í matinn á netinu eru algóritmarnir að læra. Það sem á sér stað þegar móðelið fer á flug veit enginn fyrir víst. Þetta er „AI Blackbox vandinn“. Ekki einu sinni aðilarnir sem koma að gerð og þjálfun algóritmana vita það nákvæmlega,“ sagði Lára.



Lára sagði að þegar persónuverndarreglugerðin tók gildi árið 2018 hafi verið uppi svipaðar dómsdagsspár um um að Evrópa yrði eftirbátur í öllu en hins vegar virðist heimurinn, að hluta til, hafa fylgt í kjölfarið. Nú sé markmiðið að þessar reglur á sviði gervigreindar verði alheimsviðmið svipað og raunin er með GDPR enda gera reglugerðardrögin ráð fyrir „sandkassaverkefnum“ þar sem heimilt er að vinna með gögn og persónuupplýsingar með einfaldari hætti undir eftirliti viðeigandi stjórnvalds áður en vara eða þjónusta fer á markað. Gert verður að skyldu að aðildarríkin bjóði upp á slíkt umhverfi til að stuðla að nýsköpun.

Regluverkið mun teygja anga sína út fyrir Evrópu, til allra þeirra sem veita þjónustu á evrópskum markaði, eins og persónuverndarregluð gerði. Drögin munu sem dæmi taka til íslenskra fyrirtækja sem standa utan EES, sem framleiða eða nota gögn þar sem frálagsgögn.

Þrepaskipting eftir áhættu

Reglugerðardrögin um gervigreind eru upp á heilar 100 blaðsíður og voru samþykkt af Evrópuþinginu 14. júní síðastliðinn. Síðasta föstudag, 8. desember sl., náðist pólitísk samstaða ráðsins og þingsins um helstu útstandandi atriðin, en ekki er enn búið að klára lokadrög regluverksins.

Markmiðið með reglunum er að hafa áhrif á þær aðferðir sem notast er við þegar fyrirtæki þróa, markaðssetja og nota stafræna tækni í hinum ýmsu formum. Þá freista drögin þess að regluvæða gervigreind tæknilega hlutlaust og reyna þannig að ná yfir aðferðir sem enn eru ekki þekktar til að koma í veg fyrir að lögin verði úrelt um leið og tækninýjungar koma fram.

Reglurnar eru þrepaskiptar eftir áhættu kerfanna. Þar er t.d. kerfi með óásættanlega áhættu bönnuð þar sem hún er talin fara gegn grunnildum ESB og mannréttindum. Meðal þess sem flokkast undir hana eru aðferðir sem taldar eru raska mannlegri hegðun eða eru líklegar til að valda andlegu eða líkamlegu tjóni. Greining lífkenna einstaklinga á opnum svæðum sem og andlitsgreiningarþjóna hafa verið ásteytingarsteinn í viðræðum þingsins og ráðherraráðsins en löggæslufyrirvöld í einstökum ríkjum hafa talið of langt gengið að mega ekki að nota slíkan þjóna. Síðasta föstudag náðist pólitísk samstaða um að heimila greiningu á opnum svæðum í sérstökum tilvikum. Þá er óheimilt að framkvæma svokallaða forspá í löggæslu.

Grunnlíkön eins og ChatGPT falla undir hááhættukerfi og þar eru gerðar ríkari gagnsæiskröfur með þeim hætti að koma þarf skýrt fram í frálagsgögnum að um sé að ræða efni sem var spunið af skapandi líkani. Þessu er ætlað að aðstoða við að aðskilja raunverulegt efni frá djúpfölsuðu.

Kröfur eru gerðar til hááhættukerfa um sérstakt áhættustjórnunar-kerfi til að tryggja gæði gagna og óhlutdrægni sem og útlistun á tæknilegum skilyrðum áður en hugbúnaður fer á markað. Þá er gert ráð fyrir sjálfvirkri skráningu gagna, sett skilyrði til að tryggja gagnsæi og krafa um upplýsingagjöf til notenda. Loks þurfa kerfin að vera þróað þannig að mannleg ihlutun sé möguleg og að þau geti tryggt nákvæmni, traust og öryggi. Í ákveðnum tilvikum er svo gerð krafa um mat á áhrifum á grundvallarréttindi.

Þá er gert ráð fyrir vottunarferli og skráningu kerfis í sérstakan evrópskan gagnagrunn og miklar kröfur gerðar um að gögn, sem notast sé við, séu ekki hlutdræg. Þá er gert skylt að geta yfirfært söguleg frálagsgögn kerfisins og gerðar kröfur um verndarráðstafanir til að hindra gerð ólögmeis efnis sem og að halda skrá yfir höfundavarið efni sem notast er við til að þjálfa líkanið. Svo má einnig nefna að gert er ráð fyrir því að notendur beri eftir atvikum einnig ábyrgð á því að nota kerfið í samræmi við leiðbeiningar og að fylgst sé með starfsemi í þeim tilgangi að tilkynna ákveðna misbrest.

Reglugerðardrögin setja á upplýsingaskyldu þannig að fólk viti að það sé að tala við gervigreindarhugbúnað en svo þarf að tilkynna að um djúpfölsun sé að ræða með áberandi hætti.

Margrét Helga sagði frá tilraun þar sem 20 reynslumiklir lögfræðingar og LawGeex lausnin voru látin yfirfara fimm samninga. Það tók lögfræðingana að meðaltali 92 mínútur að yfirfara þá með 85% nákvæmni á meðan það tók gervigreindina 26 sekúndur með 94% nákvæmni.

Hærri sektir en áður hefur sést

Viðurlög ESB við brotum á reglugerðinni eru gríðarleg og hærri en við höfum séð áður. Til dæmis er sekt við brotum á reglum varðandi óásættanlega áhættu 40 milljónir evra eða 7% af árlegri heildarveltu fyrirtækis á heimsvísu (hærri upphæðin gildir). Sekt við brotum í tengslum við gagnastjórnun og gagnsæi er 20 milljónir evra eða 4% af árlegri heildarveltu fyrirtækis og önnur brot gegn regluverkinu geta þýtt 10 milljónir evra eða 2% af árlegri heildarveltu. Ef að eftirlitsstjórnvaldi eru veittar rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar við rannsókn máls þá getur það þýtt 5 milljónir evra eða 1% af árlegri heildarveltu. Þetta eru hærri sektir en t.d. í GDPR en ekki verður hægt að semja sig undan ábyrgð.

Lára sagði í lokin að leiðarstef regluverksins væri að fanga þá áhættu sem er fyrrséð, skilgreina og mæla fyrir um viðurlög ef regluverkinu væri ekki fylgt. Þótt það ætti eftir að koma álitamál þá væru skýrir verndarhagsmunir uppi sem ættu eftir að tryggja virkni löggjafarinnar. En þrátt fyrir það væri mörgu enn ósvarað. Lokadrög regluverksins munu að líkindum verða birt snemma á næsta ári.

Tækifæri að nýta gervigreindina

Í lokin fjallaði Margrét Helga um hvaða tækifæri væru fyrir lögfræðinga er kæmi að því að nýta gervigreind í störfum þeirra.

Margrét sagði spunagreindina besta í því að vinna með upplýsingar en það er einmitt það sem lögfræðingar gera. En ólíkt manneskjum þá búi gervigreindin yfir þeim eiginleika að geta farið yfir gríðarlegt magn upplýsinga á stuttum tíma: „Hún verður aldrei þreytt, aldrei svöng, missir aldrei athygli og getur unnið allan sólarhringinn,“ sagði Margrét og nefndi dæmi um fyrirtækið Case Text sem segði að CoCouncil lausnin, sem þau bjóða upp á, gæti yfirfarið tvær milljónir skjala á dag og gert ýtarlega greiningu, allt eftir því sem notandinn vildi.

Sérniðnar lausnir fyrir lögfræðinga

Ýmislegt væri þó að varast og á meðan lögfræðingar leggja mikið upp úr nákvæmni þá væri það slæmur eiginleiki ChatGPT og annarra stórra mállíkana að útkoman er oft sannfærandi uppspuni. Það er hins vegar hægt að nota spunagreindina til að fara á hugarflug og koma sér af stað.

Ýmsar sérniðnar lausnir eru þó að koma á markaðinn fyrir lögfræðinga og til dæmis er Open AI að vinna að tólinu Harvey AI í samstarfi við alþjóðlegu lögmansstofuna Allen & Overy og fleiri. Harvey á m.a. að koma að notum við greiningu samninga, við gerð áreiðanleikakannanna, við undirbúning málareksturs, til að tryggja reglufylgni og meta líkur á tiltekinni niðurstöðu. Lagt er upp úr því að þjálfa mállíkanið með viðeigandi lögfræðilegum gögnum; fræðiritum, lagasöfnum, dómum og gagnagrunni lögmansstofunnar. Spellbook AI býður svo upp á að útbúa drög að samningum; les þá yfir og leggur til breytingar sem og bendir á ósamræmi og ákvæði sem skera sig úr.

Til eru tól sem spá fyrir um niðurstöðu í dómsmálum og m.a. hefur University College London þróað mól sem í 80% tilvika metur líkur á niðurstöðu fyrir dómstólum rétt. Samskonar tól hafa gefið góða raun við að spá fyrir um niðurstöðu fyrir MDE og Hæstarétti Bandaríkjanna svo dæmi séu tekin.



Ásar – þýðingar og túlkun slf.
Ellen Ingvadóttir, löggiltur dómtúlkur og skjalapýðandi, EU-ACI
Almennar og löggiltar þýðingar, dóm- og ráðstefnutúlkun, textaráðgjöf.
Ásar – þýðingar og túlkun slf » Reykjavík » Sími: 897 2717
Netfang: ellening@simnet.is

Margrét sagði spunagreindina vera tæki til að hjálpa lögfræðingum til að sinna verkefnum betur og hraðar þar sem samantekt yfir mál kæmi á örskömmum tíma; upplýsingar um hvaða gögn skipti máli, hvaða lög og reglur ættu við sem og þýðingarmikil dómfordæmi. „Sem lögfræðingur getur þú fært þig yfir í að vera arkitektinn af vinnunni, notað dómgreind og rökhugsun, sett hlutina í samhengi og túlkað og notað fordæmi í stað þess að leita að þessum upplýsingum. Spunagreindin er eins og aukasett af augum sem bæði getur gefið hugmyndir og bent á ósamræmi eða villur. Þótt margir spennandi möguleikar séu til staðar þarf að vanda til verka; nota gögn með ábyrgum hætti og reyna öðlast skilning á því hvernig tæknin virkar,“ sagði hún.

Í dómskerfinu

Gervigreind og dómsvald er eitthvað sem nálgast þarf með varúð og mun reglugerð ESB um gervigreind koma til með að hafa áhrif á hvað er mögulegt í þeim efnunum. Gervigreindin er engu að síður þegar komin til starfa hjá dómstólum víða og nefndi Margrét sem dæmi að í Finnlandi hafi aðgengi að dómstólum verið bætt með spjallmenni og í Ungverjalandi væru dómstólar með tal í texta í rauntíma. Í Bretlandi hefur verið unnið að „Online Court“ þar sem hægt yrði að játa tiltekin brot og Eistland er komið á fulla ferð við að koma á „AI Judge“ til að leysa úr smámálum. Aðilar eiga þá að hlaða inn upplýsingum og á þeirra grundvelli tekur tæknin ákvörðun í málinu. Svo er hægt að áfrýja til dómara en tilgangurinn er að vinna upp máláhala og gefa mennskum dómurum meira svigrúm til að leysa úr flóknari álítaefnum.

Margrét sagði í lokin frá alrafrænu úrræði á vegum dómstóla, sem hefur þegar tekið til starfa í British Columbia, Kanada. Þar

hefur verið tekin í notkun „Civil Resolution Tribunal“ þar sem tæknin sér um að greina mál og veita aðilum upplýsingar um réttarstöðu og leiða mál í réttan farveg eftir tegund ágreinings. Aðilum er boðið upp á að eiga samskipti til að setta mál á öruggu svæði en annars kemur sáttamaður að borðinu. Ef að sátt er fullreind geta aðilar óskað eftir ákvörðun um ágreininginn og lagt fram sjónarmið og gögn en ákvörðun CRT er ígildi dóms. Í Bretlandi er sömuleiðis kominn „UK Money Online“ þar sem skjalagerð er sjálfvirk, mál er greint og ef stefndi tekur ekki til varna verður til „dómur“ byggður á upplýsingum kröfuhafa sem dómstóll staðfestir.

Margrét sagði að ýmsu þyrfti að huga varðandi rafrænt réttarfar; til dæmis að málsmeðferð þyrfti að vera opinber og réttlát og að gæta þyrfti óhlutdrægni og gagnsæi. Hins vegar gæti gervigreindin stutt við opinbera málsmeðferð, og dregið úr álagi á dómstólum.

Spuni úr gerviheimi

Málstofan um viskubrunninn sem getur á endanum rænt okkur öllu viti var vel sótt og þótt það sé mikilvægt að lögfræðingar séu fljótir að aðlagast nýjungum þá er ennþá mikilvægara að þeir setji sig inn í flókin tæknimál og setji tækninni skorður; verndi réttindi einstaklinga, mannréttindi og lýðræði. Svo er ekki síður mikilvægt að lögmenn tileinki sér tæknilæsi svo þeir lendi ekki í því sama og erlendur kollegi sem vitnaði í dóm í dómsal sem mállíkanið hafði spunnið upp í gerviheimi internetsins.

[Eyrún Ingadóttir tók saman.](#)

ENDURBÆTUR Á AÐSTÖÐU

Nýlega var voru gerðar endurbætur á aðstöðu lögmannna í Héraðsdómi Reykjavíkur þar sem húsgögn voru endurnýjuð og skápar settir upp. Vænta má frekari endurnýjunar á búnaði á næstu misserum.



FAGLEG AÐSTOÐ FYRIR FJÖLSKYLDUR FANGA



Aðstandendur fanga eru í viðkvæmri stöðu og mikilvægt er að veita stuðning og ráðgjöf í kjölfar þess áfalls að nákominn aðili er handtekinn og bíður eftir dómi. Þá er mikilvægt að styðja við fjölskyldur á meðan fangavist stendur og þegar viðkomandi er að koma aftur út í samfélagið.

Þjargráð – fagleg aðstoð við fjölskyldur fanga er verkefni sem hefur verið í gangi í rúm trettán ár og er styrkt af félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu og Biskupsstofu. Við veitum fjölskyldum fanga, m.a. mökum, börnum og foreldrum, meðferð, ráðgjöf og stuðning og málin sem hafa komið inn á borð til okkar eru alls konar. Þeir sem sinna vinnunni eru fjölskyldufræðingar hjá Óróa meðferð og eru þeir með aðstöðu hjá Fjölskyldu- og sálgæsluþjónustu kirkjunnar sem staðsett er á bakvið Háteigskirkju. Einnig fáum við aðstöðu annarsstaðar en

á höfuðborgarsvæðinu ef þörf er á. Þjónustan er opin öllum, óháð skoðun og trúarbrögðum, og er okkur ætlað að sinna öllu landinu. Þess má geta að þjónustan er gjaldfrjál.

Hægt er að panta tíma í gegnum tölvupóst eða hringja: Eiríkur Steinarsson, netfang: eirikur.steinarsson@kirkjan.is sími: 867-2450 Jenny Þórkatla Magnúsdóttir, netfang: jenny.magnusdottir@kirkjan.is sími: 771-4966.

NÁMSKEIÐ TIL ÖFLUNAR MÁLFLUTNINGS- RÉTTINDA FYRIR HÉRAÐSDÓMSTÓLUM



Að venju var útskriftarárgangi boðið í kokteil í húsakynnum LMFÍ að loknu námskeiði. Á myndinni er Sigurður Örn Hilmarsson formaður LMFÍ auk hins fámenna útskriftarárgangs en eingöngu ellefu útskrifuðust.

Um miðjan nóvember sl. lauk síðara námskeiði ársins 2023 til öflunar málflytningsréttinda fyrir héraðsdómstólum. Alls þreyttu 27 lögfræðingar prófraunina að þessu sinni, 14 nýskráðir og 13 þátttakendur sem skráðir voru í endurtöku á einstökum prófum. Aðeins luku ellefu þátttakendur, eða 40,7% þeirra sem skráðir voru í prófraunina, bóklega hluta námskeiðsins að þessu sinni, fjórar konur og sjö karlar.



Þátttakendur pallborðs að lokinni sýningu: F.v. Lilja Sif Þorsteinsdóttir, Þóra Karitas Árnadóttir, Kolbrún Benediktsdóttir, Vilhjálmur H. Vilhjálmsson, Ebba Katrín Finnsdóttir og Ragnar Jónasson.

„ORÐ GEGN ORÐI“ MYND AF VERULEIKA Í EINLEIK ÞJÓÐLEIKHÚSSINS

Þann 6. desember síðastliðinn efndi Lögfræðingafélag Íslands til sérstakrar sýningar fyrir félagsmenn á einleikum „Orð gegn orði“ sem sýndur er um þessar mundir í Þjóðleikhúsinu. Þetta magnaða leikverk, eftir bresk-ástralska lögmanninn og leikskáldið Suzie Miller, fjallar um Tessu, ungan og snjallan lögmann sem verður fyrir kynferðisofbeldi og þarf í kjölfarið að endurskoða hugmyndir sínar um réttarkerfið. Úr verður afar áhugaverð sýning þar sem áhorfendur sitja eftir með spurningar um réttlæti og ranglæti, sekt og sönnunarbyrði.

Lögfræðingar létu ekki segja sér það tvisvar að mæta í leikhúsið en að lokinni sýningu voru umræður þar sem Ebba Katrín Finnsdóttir, sem leikur Tessu, Þóra Karitas Árnadóttir leikstjóri og Ragnar Jónasson þýðandi verksins, rithöfundur og lögfræðingur, ræddu málin við Kolbrúnu Benediktsdóttur varahéraðssaksóknara, Vilhjálmu H. Vilhjálmsdóttur lögmann og Lilju Sif Þorsteinsdóttur sálfræðing. Einnig tóku áhorfendur úr sal þátt í umræðunum.

„Allt sem við þekkjum, höfum heyrt og upplifað“, sagði Kolbrún um sýninguna og Vilhjálmur sagði magnað hvernig það sem hann hefur upplifað á 20 ára ferli væri dregið saman í 90 mínútna sýningu. Þau sögðust þakklát aðstandendum fyrir áhrifaríkt kvöld og fyrir umræðuna sem sýningin hefur vakið.

Fram kom að þótt margt hafi færst til betri vegar í þessum erfiða og flókna málaflökki á síðustu árum mætti gera margt betur.

Var til dæmis nefnt að stytta þyrfti þann tíma sem tæki að koma málum í gegnum réttarkerfið sem er reyndar erfitt nú um stundir þar sem fjárveiting til embættis héraðssaksóknara hefur minnkað um tæplega 5% milli ára.

Þá var rætt um að lögfræðingar þyrftu á meiri fræðslu og þjálfun að halda til að mæta fólki sem hefur lent í áföllum. Lilja Sif sagði að þekking á sálrænum áföllum vegna kynferðisbrota hefði aukist gríðarlega síðasta áratuginn en að viðbrögð þolenda væru lífeðlisfræðileg sem að einfalt væri að koma með inn í þekkingargrunn réttarkerfisins. Þá var rætt um hvort hægt væri að koma á löggjöf um „gáleysi“ eins og Norðmenn hafa og margt fleira.

Eyrún Ingadóttir.



Gleðileg jól, farsælt komandi ár



LOGOS

Reykjavík · London



Lögfræðistofa Reykjavíkur

FORTIS
Lögmannsstofa

MAGNA

L Ö G M E N N



Mörkin lögmannsstofa hf.
Suðurlandsbraut 4, 3. hæð, 108 Reykjavík
Sími 414 4100 · www.law.is

NOVUM
LÖGFRÆÐIÞJÓNUSTA

LAND
LÖGMENN

SJÓVÁ

PRENTUN

Litla prent

Umhverfisvæn og svansvottuð prentsmiðja - www.litlaprent.is





Þátttakendur námskeiðs um illskuna á göngu um Auschwitz.



Þátttakendur námskeiðsins voru 21 talsins.

SKILJUM ILLSKU Á VETTvangi HROÐAVERKA NASISTA

Aðdragandinn

Um nokkurra ára skeið bjó ég í Strassborg í Frakklandi. Í 50 km fjarlægð vestur af borginni er að finna einar af alræmdustu útrýmingarþúðum nasista, Natzweiler-Struthof. Þúðirnar eru staðsettar í Vosges-fjöllum í 800 metra hæð. Þetta eru litlar þúðir í samanburði við t.d. Sachsenhausen, Buchenwald, Dachau og Auschwitz. Þær gátu hýst 1.500 fanga og er talið að 19.000-20.000 fangar hafi dáið í Natzweiler-Struthof á tímabilinu maí 1941 - mars 1945. Í bókinni *Býr Íslendingur hér?* lýsir Leifur Müller Natzweiler-Struthof svo að vistin þar hafi verið langverst og segir svo: „Frásagnir þeirra sem þaðan komu voru skelfilegri en allt annað sem ég hafði heyrt og séð. Ojfeldið í Sachsenhausen var eins og barnaleikur í samanburði við grimmdina sem þeir urðu fyrir. Þeir fáu sem lifðu af dvölina í Natzweiler voru flestir farnir að heilsu, langt um aldur fram. Auk sjúkdóma, berkla og taugaveiki, voru þeir grindhórnir og skaddaðir af hroðalegum mishyrmingum.“¹

Leifur, sem ólst upp á Stýrimannastígnum í vesturbæ Reykjavíkur og útskrifaðist úr gagnfræðadeild Menntaskólans í Reykjavík, hélt 17 ára gamall til Noregs sumarið 1938 til að mennta sig í verslun og viðskiptum. Eftir að Þjóðverjar höfðu hernumið landið 9. apríl 1940 var Leifur handtekinn í Osló haustið 1942 af Gestapo. Honum var gefið að sök að hafa ætlað að yfirgefa Noreg með ólöglegum hætti. Í kjölfar frelsisviptingarinnar var Leifur

fyrst sendur í fangabúðir nasista á Grini og síðan til Þýskalands í fangabúðir nasista í Sachsenhausen. Hann segist aldrei muni geta lýst því með orðum hvernig andrúmsloft dauðans setti mark sitt á allt lífið í Sachsenhausen. Leifur skrifaði bókina *Í fangabúðum nasista* sem kom út árið 1945, sama ár og hann var frelsaður. Samkvæmt Wiesenthal-stofnuninni er þessi bók ein sú fyrsta sem rituð var í heiminum um Helförina. Í bókinni *Býr Íslendingur hér?* skráir Garðar Sverrisson æviminningar Leifs og kom hún út árið 1988.

Eftir að hafa búið í nágrenni við Natzweiler-Struthof skoðaði ég bæði Flossenbürg og Dachau, en alltaf stefndi ég að því að heimsækja Auschwitz. Tækifærið kom til mín í nóvember síðastliðnum.

Námskeið í Póllandi

Ég hafði lengi fylgst með Eyrúnu Eyþórsdóttur, lektor í lögreglufræðum við Háskólann á Akureyri, fara með hópa af lögreglumönnum til Auschwitz á vegum Mennta- og starfsþróunarseturs lögreglu. Þegar ég frétti að Eyrún ætlaði að leggja upp í fimmtu ferðina setti ég mig í samband við hana og spurði hvort ég mætti slást í hópinn. Eyrún tók því vel og úr varð að ég skráði mig á námskeiðið „Skiljum illsku“ í Póllandi dagana 10.-12. nóvember 2023.

1 Garðar Sverrisson: *Býr Íslendingur hér? Minningar Leifs Müller*, bls. 197.

Ég ákvað að fljúga út nokkrum dögum fyrr til að skoða mig um í Kraká, kynna mér sögu gyðinga sem þar bjuggu í aðdraganda og á tímum seinni heimsstyrjaldarinnar og ganga um hverfið þar sem þeir höfðu búið. Það hvíldi drungi yfir Kraká þessa daga og mér fannst þjáningar fórnarlamba Helfararinnar liggja í loftinu. Ég hitti hópinn að kvöldi þriðjudagsins 9. nóvember og saman ókum við til bæjarins Oświęcim (Auschwitz á þýsku), sem er í um það bil 70 km fjarlægð frá Kraká. Í dag eru 43.000 íbúar í Oświęcim, en á tímum Helfararinnar voru íbúarnir 14.000, þar af voru gyðingar 8.000. Um 90% þeirra voru teknir af lífi.

Á miðvikudagsmorgni byrjaði námskeiðið. Íslensku þátttakendurnir voru 21 talsins, flestir lögreglumenn en jafnframt nokkrir ákærendur hjá lögreglustjóraembættum. Þá bættist háttsettur yfirmaður hjá EUROPOL í hópinn en ánægja með námskeiðið hafði borist út fyrir landsteinana og til höfuðstöðvanna í Haag. Námskeiðið fór annars vegar fram á Gyðingasafninu í bænum (Galicia Jewish Museum) og hins vegar í útrýmingarbúðunum í Auschwitz. Þennan fyrsta morgun tóku á móti okkur starfsmenn Auschwitz Jewish Center Foundation (AJCF), þeir Tomek Kuncewicz og Maciek Zabierowski, en eitt af hlutverkum stofnunarinnar er að bjóða upp á fræðslu og námskeið sem hafa að markmiði að vinna gegn hatri og afleiðingum þess. Umfjöllunarefni dagsins bar heitið: „Confronting Evil“. Röktu Maciek og Tomek aðdraganda Helfararinnar, valdatöku Hitlers og atburðarásina sem leiddi til þess að sex milljónir gyðinga voru drepnir, þar af stór hluti þeirra í skipulögðum útrýmingarbúðum. Farið var yfir „haturspírámíða“ sálfræðingsins Gordon W. Allport, sem birtist í bók hans *The Nature of Prejudice*, þar sem lýst er sífellt hættulegri stigvaxandi hegðun allt frá orðræðu til útrýmingar. Þá fjallaði Michel Bilewicz dósent við Varsjárháskóla um Helförina út frá félagsálfræðilegu sjónarhorni.

Fimmtudagurinn var helgaður útrýmingarbúðunum. Auschwitz voru stærstu fanga- og útrýmingarbúðir nasista í seinni heimsstyrjöldinni og stóðu saman af þremur aðalbúðum. Búðirnar eru innan bæjarmarka Oświęcim þannig að örstutt var að keyra þangað. Við byrjuðum á að skoða Auschwitz I og að því búnu skoðuðum við Auschwitz II (Birkenau). Auschwitz III eru í niðurníðslu og ekki opnar almenningi. Í upphafi voru Auschwitz-búðirnar hugsaðar sem þrælkunar búðir sem seinna urðu útrýmingarbúðir. Leiðsögumaður okkar kallaði Auschwitz aldrei annað en dauðabúðir („death camp“). Það var áhrifamikil stund að ganga inn um aðalhlíðið og sjá með berum augum einkunnarorð búðanna „Arbeit macht frei“ (Vinnan gerir þig frjálsan) skrifaða með stórum járnstöfum fyrir ofan innganginn. Þarna mátti sjá heilu salina með mannshári, skóm

og persónulegum munum fanganna en talið er að rúmlega ein milljón gyðinga hafi verið teknar af lífi í Auschwitz. Að vettvangsferðinni lokinni var sérstaklega fjallað um fordóma, hatur og öfgahyggju og skoðað hvernig fordómar í garð gyðinga og annarra hópa óx á tímum Þýskalands nasismans með þessum óhugnanlegu afleiðingum.

Á föstudeginum fræddi Eyrún hópinn um hatursglæpi, haturstjáningu og mismunum auk þess sem hún þjálfði okkur í að bera kennsl á, rannsaka og fyrirbyggja slík brot. Var það m.a. gert með því að leggja fyrir hópinn raunhæf dæmi og verkefni. Síðdegis hélt hópurinn aftur til Krakár eftir ógleymanlega þrjá daga á vettvangi mannréttindabrota og hroðaverka.

Fordómar og hatursglæpir

Um það bil eitt hundrað starfsmenn lögreglu, aðallega lögreglumenn, hafa nú sótt námskeið Eyrúnar um illsku og farið með henni til Auschwitz frá árinu 2017. En af hverju stendur Mennta- og starfsþróunarsetur lögreglunnar fyrir þessari fræðslu? Það er hollt að rifja upp að á tímum nasismans voru lögreglumenn þátttakendur í tilraun til útrýmingar á gyðingum. Þeirra hlutverk var að framfylgja lögum og reglum. Leifur segir í bókinni *Býr Íslendingur hér?* að það sé honum alltaf jafnmikil ráðgáta hvernig hægt var að manna allar þessar SS-sveitir og fá þær til að þjarma að föngunum: „*Meðal okkar fanganna var mikið af harðsvirðum glæpamönnum. Þrátt fyrir forherðingu og ósvífni skynjaði maður oftast í þeim einhvern mannlegan streng, þótt stundum væri það ekki annað en lítið brot eða góðlegt blík í augunum. Það sama er því miður ekki hægt að segja um nasistana. Þar sáust engin merki um mannlegar tilfinningar, bara kulda og kvalalosta. Þessir menn voru nasistar af hugsjón og gengu ótilneyddir í SS. Þeir voru ekki að hlýða neinni skyldu heldur einungis sinni eigin samvisku og sannfæringu. Þegar ofbeldisverk voru á dagskrá þurftu þeir horki skipanir né hvatningu. Svo einlægur var viljinn til að misþyrma og kvælja.*”²

Tilgangurinn með námskeiðinu er ekki síst að tryggja að þessi ódæðisverk gleymist ekki. Þá eykur það skilning á samhenginu milli fordóma, hatursglæpa og öfgahyggju, sem á endanum, ef ekkert er að gert, getur leitt til mismununar og ofbeldis og að lokum, eins og í tilfalli Helfararinnar, til takmarkalausrar illsku og hroðaverka.

Svala Ísfield Ólafsdóttir,

dósent við lagadeild Háskólans í Reykjavík

2 Garðar Sverrisson: *Býr Íslendingur hér? Minningar Leifs Muller*, bls. 249-250.



JAKOB RAGNAR INGÓLFSSON MÖLLER ER FÆDDUR 7. NÓVEMBER 1940. HANN LAUK STÚDENTSPRÓFI FRÁ MR ÁRIÐ 1960 OG EMBÆTTISPRÓFI Í LÖGFRÆÐI FRÁ HÁSKÓLA ÍSLANDS ÁRIÐ 1967.

JAKOB VARÐ RÁÐUNAUTUR FRAMKVÆMDASTJÓRNAR ÍSLENSKA ÁLFÉLAGSINS HF. UM STJÓRNUN STARFSMANNAMÁLA ÁRIÐ 1970 OG VAR STARFSMANNASTJÓRI ÞAR FRÁ 1985 TIL ÁRSLOKA 1990. ÞÁ VARÐ HANN MEÐEIGANDI MÁLFLUTNINGSSKRIFSTOFUNNAR Í FÉLAGI VIÐ GUÐMUND PÉTURSSON HRL, PÉTUR GUÐMUNDARSON HRL. OG HÁKON ÁRNASON HRL. SEM SÍÐAR SAMEINADIST A&P LÖGMÖNNUM ÁRIÐ 2000 OG VARÐ AÐ LOGOS. JAKOB VAR Í STJÓRN LMFÍ 1996-2000, ÞAR AF SEM FORMAÐUR 1998-2000. JAKOB ER KVÆNTUR MARGRÉTI (GRÉTU) HVANNBERG.

SETTI MÉR ÞAÐ MARKMIÐ AÐ VERÐA FORMAÐUR

Jakob R. Möller skipti starfsævinni í tvo hluta. Í 20 ár vann hann sem stjórnandi hjá ISAL, einkum í starfsmannamálum og í 25 ár var hann lögmaður. Hann lét til sín taka innan lögmannastéttar á sínum tíma, var í stjórn LMFÍ og formaður félagsins. Blaðamanni Lögmannablaðsins lék forvitni á að vita hvað á daga Jakobs hefði drifið.

Hverra manna ertu?

Ég er fæddur á Hólatorgi 2, 101 Reykjavík, í húsi afa míns, og bjó þar til tíu ára aldurs. Svo fluttum við á Ægissíðu 90 og þar var ég út æskuna. Faðir minn, Ingólfur Jakobsson Möller skipstjóri, var fæddur árið 1913 en hann fór fyrst til sjós 15 ára gamall. Hann var í Gagnfræðaskóla Reykjavíkur þar sem Ágúst H. Bjarnason var skólastjóri en sagan segir að þeim hafi ekki samið svo annar þurfti að víkja. Þá fór pabbi til sjós og var þar næstu 40 árin. Hann var að vísu hafnsögumaður í Reykjavík öll stríðsárin og fór aftur til sjós árið 1946. Ég man eftir því þegar ég var ca sex ára gamall þá fór hann með okkur Skúla bróður

sem er einu ári eldri, niður á höfn, þar sem nú er Miðbakkinn, en þar voru fleiri hundruð hross sem verið var að fara flytja úr landi, annað hvort til Englands eða Póllands, en íslensk hross voru notuð í kolanámunum. Móðir mín hét Skúlína Brynhildur Skúladóttir Möller húsfreyja en alls urðum við systkinin fimm, þar af þrjár systur.

Sjö ára gamall fórum við Skúli að Laugardælum í Flóa til sumardvalar og vinnu. Þar var ég í sex sumur en eftir fullnaðarpróf fór ég að vinna í skreið í Bæjarútgerðinni. Svo vann ég í vöruskemmum Eimskipafélagsins, í Slippnum og var á sjó. Eins og aðrir vann ég alla vinnu sem var í boði á sumrin.

Fór fimmtugur í lögmennsku

Af hverju lærðir þú lögfræði?

Það var eiginlega aldrei nein spurning. Mér leiddist stærðfræði og efnafræði en við í B-bekknunum í MR vorum búnir að koma upp valgreinakerfi áður en það var fundið upp. Við einfaldlega lærðum það sem okkur líkaði! En í alvöru talað þá var námsframboð takmarkaðra á þessum tíma.



Ég hóf nám við lagadeild Háskóla Íslands árið 1960. Næsta vor byrjaði ég í sumarvinnunni á Vísi tveimur vikum áður en kom að prófi í almenntri lögfræði, en það var skilyrði að ná henni til þess að halda áfram námi, og kláraði ég því aldrei próflesturinn. Þegar ég fór í prófið þá kom ég upp í einu þessara fáu efna sem ég hafði ekki lesið sérstaklega fyrir próf. Ég taldi þó að ég hefði náð að svara spurningunum almennilega en þurfti að fá fyrstu einkunn til að komast áfram, 10½ af einkunnaskalanum 16. Ég fékk 10 og man enn þann dag í dag þegar Þór Vilhjálmsson prófessor, sem ég þekkti vel, hringdi til að láta mig vita að ég hefði fallið! Ég var alveg grunlaus og þetta var mikið áfall. Sjálfsagt hafði ég mjög gott af þessu! Þetta varð til þess að ég var einu ári lengur í laganáminu, var fimm ár að taka fyrri hlutann og tvö ár með seinni hlutann en ég útskrifaðist vorið 1967 með fína einkunn.

Hvað kom til að þú fórst að vinna við starfsmannamál hjá ISAL?

Þegar ég útskrifaðist var mjög erfitt að fá starf sem lögfræðingur. Ég fór því á Seyðisfjörð og var fulltrúi sýslumanns í hálf t. ár. Ef ég hefði ekki dáðið úr leiðindum á Seyðisfirði þá hefði ég sennilega drukkið mig í hel úr leiðindum svo það átti augljóslega ekki við mig að vera þar. Ég fékk síðan starf í Sendiráði Bandaríkjanna og var þar á skrifstofunni í þrjú ár, með titilinn aðstoðarmaður „Political officer“. Að því loknu fór ég til ISAL og var þar í 20 ár.

Ég drakk ansi mikið á þessum tíma og það var byrjað að hamla mér í starfi. Þar kom að ég fór á Freeport í Ameríku árið 1981. Um leið og ég lauk veru minni þar, og kom til New York, þá datt ég í það en kom svo heim 19. júlí og hef ekki drukkið síðan.

Síðustu árin hjá ISAL var ég í einni af fimm deildarstjórastöðum sem heyrðu beint undir forstjóra. Veturinn 1989-1990 var Pétur Guðmundarson, lögmaður ISAL, með stórt lögfræðilegt viðvangsefni fyrir félagið en í því tóku líka þátt svissneskir

lögmennt. Ég var að vinna þetta með Pétri og þegar verkefninu lauk sagði Pétur: „Okkur vantar mann“ og bauð mér að koma á Málflutningsstofuna með þeim feðgum Guðmundi Péturssyni, honum og Hákonni Árnasyni (þeim yfirburða lögmanni). Þetta varð til þess að ég ákvað að skipta um í ársbyrjun 1991, fimmtugur að aldri.

Allir voru af vilja gerðir að láta mig fá þau fjögur prófmál sem þurfti til að öðlast héraðsdómslögmannsréttindin og þremur árum síðar byrjaði ég að afla mér prófmála fyrir Hæstarétti sem reyndist einnig auðvelt þar sem ég naut mikillar velvildar félaga minna. Ég fékk hæstaréttarlögmannsréttindin haustið 1995 og starfaði við lögmenntsku í alls 25 ár.

Deilur innan félags

Þú varst svo orðinn stjórnarmaður í LMFÍ strax árið 1996?

Já, tiltölulega snemma í þessu ferli setti ég mér það markmið að verða formaður LMFÍ. Þetta var erfiður tími innan lögmannastéttarinnar vegna nýrra lögmannalaga sem verið var að deila um; hvort vera ætti skylduáild, hverjir ættu að flokkast undir hana og svo hafði einn félagsmanna farið í mál við félagið fyrir að sinna verkefnum sem ekki heyrðu undir skylduáild. Úr því varð að stofnuð var sérstök félagsdeild. Þorsteinn Pálsson var dómismálaráðherra og hafði fullan skilning á starfi lögmannna. Ný lög voru samþykkt árið 1998 og ég varð þá formaður á eftir Sigurmarí K. Albertssyni. Ég hafði áður starfað með honum í stjórninni og þótt allt lögmannafélagið væri á milli okkar í pólitík vorum við alltaf sammála um hvaða leið ætti að fara varðandi félagið.

Það hefur alltaf verið mikil vinna að vera formaður LMFÍ og það var sérlega annasamt mikið á þessum tíma vegna þessara breytinga. Ég er viss um að hafa unnið svona 400 til 500 tíma

fyrir félagið hvort árið sem ég var formaður. Ég vann svo sem myrkranna á milli sem lögmaður enda er mikil vinna að vera í lögmennsku.

Hefur þú alltaf unnið mikið?

Já, ég hef alltaf gert það, skrýtið því ég hef alltaf litid á mig sem latan mann, einhver gömul hugsun. Ég er latur en samviskusamur og það er vond blanda sem leiðir til sálarklofnings.

Getur þú nefnt einhver áhugaverð mál úr lögmennskunni?

Ég var mikið að vinna fyrir tryggingafélög og í málflutningi sem ég hafði mikla ánægju af. Svo vann ég mikið fyrir erlenda aðila, tók þátt í flestum þessara stóru einkavæðinga fyrir hrun, bæði fyrir erlenda aðila og fyrir einkavæðingarnefnd, t.d. þegar Síminn var einkavæddur, Landsbankinn og þegar Kaupþing og Búnaðarbankinn sameinuðust svo dæmi séu tekin. Svo var ég lögmaður ISAL þegar kom að stækkun þess árið 1995 og var lögmaður stærstu erlendu lánveitendanna þegar Hvalfjarðargöngin voru gerð. Þetta var amerískt tryggingafyrirtæki John Hancock og Wall Street stofa vann fyrir það. Í byrjun var ekki einu sinni kominn tölvupóstur og menn sendu því bréf eða fax. Á Suðurlandsbrautinni, þar sem Málflutningsstofan var, þurfti alltaf að gæta þess að nógur pappír væri í telefaxtækinu til að geta tekið á móti 200-300 blaðsíðum yfir nóttina!

Stærsta einstaka málið var þó hið svokallaða Baugsmál, sakamál á hendur helztu stjórnendum Baugs. Það stóð yfir frá sumri 2002 og lauk ekki fyrr en 2012, var rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur og fór nokkrar ferðir í Hæstarétt. Málinu lauk þó ekki fyrr en nú fyrir skömmu eftir að Mannréttindadómstóll Evrópu komst að þeirri niðurstöðu að hluti málsins hefði verið brot á Mannréttindasáttmála Evrópu.

Svo má einnig nefna að árið 2006 var ég skipaður af Hæstarétti í kjararáð en það var áhugavert starf sem ég hafði ánægju af. Í ráðinu sátu auk mín Guðrún Zöega verkfræðingur, Rannveig Sigurðardóttir, nú aðstoðarseðlabankastjóri, og lögmennirnir Kristinn Hallgrímsson og Jónas Þór Guðmundsson. Í reynd var það svo að við Guðrún og Rannveig mynduðum óformlegan meirihluta í þeim málum sem ágreiningur reis um. Við töldum okkur ábyggilega málefnalegri en þeir Kristinn og Jónas, sem kosnir voru af Alþingi og tóku frekar ákvarðanir byggðar á afstöðu stjórnmalaflokka að okkar áliti.

Svo óskaði Hæstiréttur eftir því við mig síðsumars 2017 að ég tæki sæti formanns í dómnefnd um skipun átta héraðsdómara. Þetta kom í kjölfar deilna um skipun í Landsrétt en með mér í nefndinni voru Guðrún Björk Bjarnadóttir lögmaður, Kristín



Jakob R. Möller á Lagadegi árið 2010.

Benediktsdóttir dósent, Ragnheiður Harðardóttir dómari og Ragnhildur Helgadóttir, nú rektor Háskólans í Reykjavík. Þegar upphaflega starfinu lauk með nokkru bramli tók við vinna vegna skipunar í stað annarra vegna breytinga sem orðið höfðu. Allt í allt stóð þetta yfir haustið 2017 og fram undir vor 2018. Mikil vinna en skemmtileg með góðu fólki, en ekki líkleg til þess að auka álit mitt á sumum háttsettum stjórnmalamönnum. Aðrir, einkum Sigríður Á. Andersen, sem fór illa út úr Landsréttarmálinu, komu mér á óvart með málefnalegri afstöðu og einkar þægilegu viðmóti.

Ástæðan fyrir því, að ég tók að mér að vera í kjararáði og dómnefndinni um skipun héraðsdómara er einföld: Ég hafði ómeðvitað tekið þá ákvörðun einhvern tíma að maður segði ekki nei við Hæstarétt!

Þú lentir í alvarlegu hjartaáfalli, ekki rétt?



Jakob R. Möller var sæmdur gullmerki LMFÍ í tilefni 90 ára afmælis félagsins árið 2001 ásamt góðum hópi. Efri röð f.v.: Jón Thors, Þórunn Guðmundsdóttir, Sigurmar K. Albertsson, Gestur Jónsson, Jakob R. Möller, Hákon Árnason og Ragnar Aðalsteinsson. Neðri röð f.v.: Þorsteinn Júlíusson, Jóhann H. Níelsson, Guðmundur Ingvi Sigurðsson, Jón Steinar Gunnlaugsson og Helgi V. Jónsson. Á myndina vantar Svein Snorrason.

Jú, ég lenti í því að deyja árið 2005. Við Gréta höfðum verið erlendis í starfserindum mínum og ég var nýkominn heim úr vinnunni á laugardegi við verkefni sem ég hafði lofað á ljúka um fyrir næstu viku. Ég lagði mig, Gréta sá að eitthvað alvarlegt var að gerast og vildi hringja á hjartabílinn en ég tók það ekki í mál. Ég samþykkti að lokum að hringja í Vigfús Magnússon, vin minn og lækni,. Svo lognaðist ég út af. Gréta hnoðaði mig og Vigfús eftir að hann kom, en svo var ég fluttur á Landspítalann og kældur niður. Ég dó semsagt og var endurlífgaður. Það næsta sem ég vissi var eftir hádegi á mánudegi svo þarna fóru tveir sólarhringar. Ef ég hefði verið klukkustund lengur á skrifstofunni hefði ekki verið spurt að leikslokum, þetta var á laugardegi og vinnufélagarnir voru í haustferðalagi þennan dag. Alveg vafalaust bjargaði Gréta lífi mínu og svo lækna Landspítalans.

Breytti þetta þér?

Ég var ekki alveg sami maðurinn á eftir. Ég byrjaði nú að vinna fljótlega en þó ekki eins mikið og áður. Svo hætti ég að reykja en hafði reykt mikið fram að þessu. Ég hef oft tekið þetta sem dæmi um eigin heimsku því sumarið 2005 fór ég í læknisskoðun

og fékk þá niðurstöðu að ég væri með topppeinkunn í þrenninni sem er uppskrift að áfalli; var með of háan blóðþrýsting, of mikið kólersteról og reykti 30 sigarettur á dag. Það hvarflaði þó ekki að mér að eitthvað gæti komið fyrir mig!

Hvenær hettir þú lögmennsku?

Ég hætti árið 2015. Ég gekk úr eigendahópnum á LOGOS árið 2007 en hélt áfram að vinna þar, vann í sjálfu sér álíka mikið og áður þangað til eftir Bausmálið árið 2012.

Hvað með áhugamál?

Ég byrjaði að spila bridge árið 1965 og spilaði mjög mikið næstu 30 árin, varð Íslandsmeistari og nokkrum sinnum í landsliði, auk fyrirliðastarfs með ungum spilurum. Núna spila ég gamalmennabridge einu sinni til tvisvar í viku. Svo fór ég mikið á skíði í allmörg ár, er KR-ingur og fer oftast á heimaleiki, spilaði golf í 20 ár en er hættur því.

Eyrún Ingadóttir

SLYSABÆTUR.is

NÝ RÉTTINDI FYRIR HÆSTARÉTTI

Unnsteinn Örn Elvarsson

Lögmál ehf., Skólavörðustíg 12, 101 Reykjavík

Sævar Þór Jónsson

Lögmannsstofan Sævar Þór & Partners, Skipholti 50C, 105 Reykjavík

NÝ RÉTTINDI FYRIR LANDSRÉTTI

Ívar Þór Jóhannsson

CATO lögmann, Kalkofnsvegi 2, Hafnartorgi 5. hæð, 101 Reykjavík

Helga Vala Helgadóttir

Valva lögmann, Vesturvallagötu 3, 101 Reykjavík

NÝ RÉTTINDI FYRIR HÉRAÐSDÓMSTÓLUM

Eva Huld Ívársdóttir

Huld Lögmannsstofa, Hallveigarstöðum, Túngötu 14, 101 Reykjavík

Erna Aradóttir

Hafnarfjarðarbær, Strandgötu 6, 220 Hafnarfirði

ENDURÚTGEFIN RÉTTINDI

Kristín Eva Geirsdóttir

Lögmenn, Hafnargötu 15, 230 Reykjanesbæ

Jón Stefán Björnsson

Skatturinn, Katrínartúni 6, 105 Reykjavík

Erla Guðrún Ingimundardóttir

Össur, Grjóthálsi 5, 110 Reykjavík

BREYTING Á VINNUSTAÐ

Orri Sigurðsson

OS Legal, Síðumúla 35, 108 Reykjavík

Rut Gunnarsdóttir

KPMG, Borgartúni 27, 105 Reykjavík

Snæbjörn Ólafsson

Willkie Farr & Gallagher LLP, 1 Ropemaker St, London EC2Y 9AW

Gunnar Benediktsson

Nasdaq Iceland hf., Laugavegi 182, 105 Reykjavík

Próstur Ríkharrðsson

Arion banki hf., Borgartúni 19, 105 Reykjavík

Jóhanna Katrín Magnúsdóttir

Embætti ríkislögmanns, Hverfisgötu 4-6, 150 Reykjavík

Jóna Benný Kristjánsdóttir

Sveitarfélagið Hornafjörður, Hafnarbraut 27, 780 Höfn

NÝTT HEIMILISFANG

Baldvin Már Kristjánsson

Lög og ráðgjöf slf., Esjubraut 2, 300 Akranesi

Guðbjörg Þorsteinsdóttir

Hallmundur Albertsson

Haraldur Ingi Birgisson

Ólafur Evert Úlfsson

Pétur Steinn Guðmundsson

Þorvarður Arnar Ágústsson

Þórdís Bjarnadóttir

Deloitte Legal ehf., Dalvegi 30, 201 Kópavogi

Arnar Kormákur Friðriksson

Ómar Örn Bjarnþórsson

Íslenska lögfræðistofan, Grandagarði 5, 101 Reykjavík

Þórður Heimir Sveinsson

Kirkjuteigi 21, 105 Reykjavík

Áslaug Björgvinsdóttir

Lögman, Suðurlandsbraut 52, 108 Reykjavík

Linda Björk Bentsdóttir

Túngötu 14, 101 Reykjavík

Friðleifur E. Guðmundsson

FG consulting slf., Bolholti 8, 3. hæð, 105 Reykjavík

Daði Ólafsson

Guðmundur Ómar Hafsteinsson

Heiðar Örn Stefánsson

Ólafur Lúther Einarsson

Telma Sif Reynisdóttir


NOVUM lögfræðipjónusta, Bæjarlind 4, 201 Kópavogi

Kristján Gunnar Valdimarsson

Lögmenn Promptus slf., Borgartúni 28, 105 Reykjavík



*Hugheilar jólakveðjur með þökk
fyrir viðskiptin á árinu sem er að líða.*



VINNUM TÍMA!

Með því að fela TCM-alþjóðainnheimtu innheimtu erlendra skulda opnast aðgangur að fyrsta flokks innheimtubjónustu hjá yfir 100 traustum TCM innheimtu- og lögfræðistofum um allan heim. Sparaðu tíma og fyrirhöfn – settu þig í samband við okkur.



TCM INNHEIMTA
SUDURLANDSBRAUT 4A
108 REYKJAVÍK
www.tcm.is